

Vinnuhópur um
háspennulínu milli
Norður- og Suðurlands

F R A M V I N D U S K Ý R S L A

JÚLÍ 1972 - JÚNÍ 1973

Reykjavík, júní 1973

Vinnuhópur um
háspennulínu milli
Norður- og Suðurlands

F R A M V I N D U S K Ý R S L A

Júlí 1972 - júní 1973

Reykjavík, júní 1973

28.6.73

-1- Vinnuhópur um háspennulínu
milli Norðurlands og Suðurlands
Framvinduskýrsla. Júní 1973
JB/sg

1. Skipun

Vinnuhópurinn var skipaður í júlí 1972. Í honum eiga sæti
Flosi Hrafn Sigurðsson, veðurfræðingur
Guðjón Guðmundsson, skrifstofustjóri
Jakob Björnsson, deildarstjóri
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur

2. Fundir

Vinnuhópurinn hefur haldið 48 fundi til júníloka 1973.
Fylgja ljósrit af fundargerðum með skýrslu þessari.
(Fylgiskjal 1)

3. Starf vinnuhópsins til júníloka 1973

3.1 Aðstoð frá NVE, Noregi

Fyrir milligöngu þáverandi orkumálastjóra, Jakobs Gíslasonar, setti vinnuhópurinn sig í samband við Norges Vassdrags- og Elektrisitetsvesen, NVE, í Noregi, nánar tiltekið við Fjernledningskontoret hjá Statskraftverkene, sem eru hluti af NVE. Forstöðumaður Fjernledningskontoret er Rolf Johnsen, yfirverkfræðingur. Varð hann við beiðni hópsins um að koma hingað til viðræðna.

Johnsen kom hingað 13. ágúst 1973 og dvaldi hér í 3 daga. Voru haldnir fundir með honum alla dagana, og farið í könnunarflug um helztu línuleiðir yfir hálendið. Johnsen sendi síðar skýrslu um för sína. Fylgir ljósrit af þessari skýrslu hér með (fylgiskjal 2)

3.2 Athugunarstöð á hálendinu (Nýibær) og aðrar hálendisathuganir

Vinnuhópurinn rak sig fljótlega á það, að mjög skorti gögn um veðurfar, ísingu og annað það er máli skiptir fyrir lagningu og rekstur háspennulína yfir hálendið.

Var mikið rætt um það, hversu úr þessu yrði bætt. Varð niðurstaðan sú, að koma þyrfti upp a.m.k. einni mannaðri athugunarstöð á hálandinu, en auk þess var talið rétt að setja upp sérstakar ísingargrindur til daglegrar athugunar á stöðum þar sem fólk dvelur á hálandinu við athuganir og gæzlustörf, þ.e. Hveravöllum, við Sigöldu og við Vatnsfell. Þá þóttiog rétt að setja ísingargrindur til mælinga við og við á ísingu, svo og reynsluspenn (strengda víra), helzt með kraftmælum, á ýmsum stöðum á hálandinu. Sjálf athugunarstöðin skyldi búin öllum venjulegum veðurathugunartækjum, en að auki ýmsum sérhæfðum tækjum, svo sem vindhviðumæli. Að auki voru settar ísingargrindur til daglegrar athugunar við stöðina og reynsluspenn, er athuguð skyldu ca. einu sinni í viku. Þessi spenn voru sett á staði í nágrenni stöðvarinnar, sem voru sérlega áveðra, en lágu þó á væntanlegri línuleið.

Mikið verk var að undirbúa þessa athugunarstöð og koma henni upp. Var unnið að því haustið 1972. Henni var valinn staður á brún Eyjafjarðardals, á þeim stað á línuleiðum yfir hálandið, þar sem helzt mátti vænta harðra veðra og ísingar.

Stöðin tók til starfa seint í nóvembermánuði 1972. Sem gæzlu- og athugunarmenn voru ráðin hjónin Guðrún Sigurðardóttir og Þorsteinn Ingvarsson.

Stöðinni var gefið nafnið "Nýibær", þar eð hún er á Nýjabæjarfrétt, og að auki þótti nafnið réttnefni á þessum slóðum.

Nýibær hefur verið starfræktur samfellt síðan, og þau Þorsteinn og Guðrún hafa enn ekki komið til byggða. Farnar hafa verið nokkrar ferðir til þeirra á snjóbílum og þyrlum. Þær ferðir hafa jafnframt verið notaðar til að koma upp ísingargrindum og reynsluspennum á mörgum stöðum á hálandinu, og gera á þeim mælingar.

Reynsluspennin eru búin sérstökum kraftmælum, er sýna áraun á vírinn, eins og hún er hverju sinni, og að auki mestu áraun, er hann hefur orðið fyrir. Með því að koma að mælunum í ferðum við og við, til álestrar og endurstillingar fæst allgóð hugmynd um mestu áraun á ýmsum árstínum.

Kraftmælana þurfti að kaupa frá útlöndum (Bandaríkjunum).

Með því að alllangur afgreiðslufrestur er á þessum mælum, en á hinn bóginne mikilvægt, að mælingar félru ekki niður veturninn 1972-73, var leitað til Oslo Lysverker, Noregi, og lánuðu þeir okkur góðfúslega two mæla, sem verður skilað aftur nú í sumar, eftir að okkar eigin mælar eru komnir úr þöntun.

3.3 Söfnun gagna um ísmagn og veðurfar við línubilanir.

Vinnuhópurinn hefur leitazt við að safna tiltækum gögnum hér á landi um ísingu og veður í þeim tilvikum, þegar línubilanir hafa átt sér stað viðsvegar um landið. Hefur Rafmagnsveitum ríkisins; Landsvirkjun; Pósti og síma og fleirum verið skrifað og þeir beðnir um upplýsingar. Hafa þessir aðilar brugðizt vel við og svarað. Hitt er ljóst, að allt of lítið er af því gert að skrá talnalegar upplýsingar umaðstæður í svona tilvikum. Sumpart er það skiljanlegt; þeir menn sem hlut eiga að máli leggja alla sína krafta í það, að koma línum í lag og rafmagni til notendanna. En á hinn bóginne er þetta afar slæmt og torveldar stórum að læra af reynslunni. Vinnuhópurinn hefur nokkuð rætt á fundum sínum, hversu úr þessu megi bæta og koma á betri skráningu á aðstæðum í bilanatilvikum. Ennfremur hefur hann gert ráð stafanir til að láta semja skýrslu um ísingarþykkt og áætlaðan hámarksvindhraða í þeim bilanatilvikum þar sem tiltækjar upplýsingar gera það mögulegt.

3.4 Norskur veðurfræðiráðunautur.

Í Noregi er orðið venja að hanna meiri háttar orkuflutningslínur með hliðsjón af veðurfarsaðstæðum á línuleiðinni, í stað þess að byggja eingöngu á almennum reglum (normum). Er þá jafnan leitað til veðurfræðinga um mat á veðurfari á línuleiðum. Þetta hefur hingað til ekki tókast hér á landi. Vinnuhópurinn taldi öll rök hniga að því, að línan milli Norður- og Suðurlands yrði hönnuð með eins mikilli hliðsjón af staðbundnum veðurfarsþáttum og frekast er kostur. Með því að íslenzkir veðurfræðingar hafa enn sem komið er mjög takmarkaða reynslu í því að meta veðurfar með tilliti til línulagna, varð að ráði að fá hingað til lands til viðræðna norskan veðurfræðing, Håkon Råstad. Hann hefur í mörg ár unnið fyrir Statskraftverkene í sambandi við línlagnir þeirra og því öðlast mikla reynsu í þessum efnum.

Råstad kom hingað 20. nóv. 1972; dvaldi hér þrjá daga; ræddi við vinnuhópinn og fór í könnunarflug um línuleiðir. Hann skilaði síðar skýrslu um heimsókn sína hingað, sem hér fylgir með í ljósriti (fylgiskjal 3).

Enda þótt vinnuhópurinn hafi ýmsar athugasemdir að gera við einstök atriði skýrslunnar, þykir samt ljóst, að mikill fengur er að skýrslu Råstads.

3.5 Frumhönnun línunnar og framkvæmdir við hana.

Vinnuhópurinn hefur fengið Egil Skúla Ingbergsson, ver�fræðing, til að vinna fyrir sig að frumhönnun línu og jafnframt að skipulagningu framkvæmda, með tilliti til þess, að (1) línulögninni yrði lokið á eins skömmum tíma og með góðu móti væri unnt, þ.e. án þess að auka með því línu-kostnaðinn verulega, og (2) að kostnaður yrði eins lágor og við verður komið, miðað við þá tímasetningu. Meðal annars skyldi kannað, hvort heppilegt gæti veriðað vinna að flutningum á efni og e.t.v. fleiru að vetri til. Athugun þessi beindist að línu yfir hálandið.

Gengið var út frá bráðabirgðaforsendum um styrkleika í þessari frumhönnun. Reiknað var í fyrstu með trémöstrum.

Athuguninni var hagað þannig, að auðvelt er að endurtaka hana síðar, þegar unnt er að byggja könnunina á betri gögnum.

Athugun þessi virðist leiða í ljóst, að það er mjög undir veðurfari komið, hvort unnt er að leggja línu yfir hálendið á einu ári eða ekki. Hún leiðir ennfremur í ljós, að flutningar á efni og framkvæmd verksins verður til muna kostnaðarsamari fyrir línu yfir hálendið en ef unnt er að nota þjóðvegi að verulegu leyti til flutninga og hægt að vinna við framkvæmdir mikinn hluta ársins. Kostnaður línunnar á hvern kílometra verður því af þessum sökum mun hærri, ef línan er lögð yfir hálendið en ef hún lægi um byggð. Aftur á móti er línu-lengdin styttri yfir hálendið. Hvort má sín meira, ^{verður ekki sagt um} /fyrir en betri hönnunarforsendur um ís- og vindáraun liggja fyrir.

Með Agli Skúla hafa unnið að þessu verkfræðingarnir Samúel Ásgeirsson; Ingvar Björnsson og fleiri.

3.6 Línuhönnun við mismunandi álagsforsendur.

Til þess að hönnun og áætlunargerð þyrfti ekki öll að biða eftir því, að aflað væri gagna um vind- og ísáraun á hinum ýmsu línuleiðum og hlutum þeirra, ákvað vinnuhópurinn að fela norsku línuhönnunarfyrirtæki, Tron Horn A/S í Oslo, að gera styrkleikaútreikninga á línum á bæði tré- og stál-möstrum fyrir mismunandi forsendur varðandi vindáraun og ísáraun. Fyrirtæki þetta ræður yfir tölvuforskriftum til slíkra útreikninga, og getur því reiknað mörg mismunandi tilvik á skömmum tíma. Tron Horn, verkfræðingur, og forstjóri þessa fyrirtækis, var fenginn hingað 16. apríl 1973. Dvaldist hann hér í two daga og ræddi við vinnuhópinn. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að fyrirtækið tók að sér nánar tiltekna styrkleikaútreikninga fyrir hópinn. Skýrslu um þá hefur nýlega verið skilað. Að grundvelli hennar mun Egill Skúli Ingibergsson áætla framkvæmd og heildarkostnað við mismunandi álagsforsendur. Það verk stendurnú yfir.

3.7 Minnispunktar til ráðuneytisins.

Hinn 17. maí 1973 sendi vinnuhópurinn Iðnaðarráðuneytinu "minnispunkta varðandi samtengingu Norður- og Suðurlands", þar sem raktar eru hugmyndir hópsins um þetta mál. Ljósrit af þessu plaggi fylgir hér með (fylgiskjal 4).

Í minnispunktunum er gerð grein fyrir þeim fjórum leiðum fyrir línu milli Norðurlands og Suðurlands, sem til at-hugunar hafa verið, en þær eru:

1. Bárðardalsleið
2. Eyjafjarðarleið
3. Kjalleið
4. Byggðaleið

Þar er einnig gerð grein fyrir vali á milli 132 og 220 kV sem flutningsspennu á þessari línu.

Niðurstaðan var sú, að leggja bæri megináherzlu á rannsókn byggðaleiðar fyrir 132 kV línu nú, en halda jafnframt áfram rannsókn á hálandinu vegna 220 kV línu þar síðar. Ber mikla nauðsyn til, að athuganir þar verði ekki felldar niður.

3.8 Ýmislegt.

Auk þeirra rannsókna, er að framan voru taldar, hefur vinnuhópurinn fengið Guðmund E. Hannesson, línuverkstjóra hjá Rafmagnsveitum ríkisins, til að setja snjóstikur í Eyjafjarðardal, sem er fremur þróngur, til þess að mæla snjódýpi í dalnum og til að kanna snjóflóðahættu. Sigurjón Rist, forstöðumaður vatnamælinga Orkustofnunar, var fenginn til að mæla snjódýpið. Skilaði hann skýrslu um þær athuganir, sem fylgir hér með í ljósiriti (fylgiskjal 5).

Guðmundur E. Hannesson hafði áður kannað línuleiðir yfir Sprengisand og Kjöl og skrifað um þær athuganir sérstaka skýrslu til Orkustofnunar 1972 (Orkuflutningslína Suðurland-Norðurland. Athugun á línuleiðum yfir Sprengisand og Kjöl).

Guðmundur, Ingólfur Árnason, rafveitustjóri, og margir aðrir starfsmenn Rafmagnsveitna ríkisins, hafa veitt mikla aðstoð við að koma upp Nýjabæjarstöðinni, reynslusluspennum og ísingargrindum.

Gunnar Jónsson, starfsmaður Orkustofnunar, hefur undirbúið og stjórnað uppsetningu Nýjabæjar og mælingabúnaðar annars staðar á hálendinu. Hann hefur og stjórnað leiðöngrum að Nýjabæ og til mælinga á hálendinu.

Veðurstofan hefur veitt aðstoð við að búa Nýjabæ tækjum og þjálfa athugunarfolk.

Öllum þessum aðilum kann vinnuhópurinn sínar beztu þakkir.

3.9 Aframhald starfs vinnuhópsins.

Þau verkefni, sem næst liggja fyrir við undirbúning línu-lagnar milli Norður- og Suðurlands, eru:

1. Úrvinnsla úr gögnum frá athugunum s.l. veturn.
2. Val á hönnunarforsendum fyrir einstaka hluta hinna ýmsu línuleiða.
3. Athugun á línukostnaði við mismunandi hönnunarforsendur (er í gangi).
4. Mæling á langsniði línuleiða og athugun á jarðfræðiaðstæðum. (Þetta verk er í gangi fyrir byggðaleið, en tiltækur mannafli leyfir ekki, að athugun á þessu fari fram á mörgum línuleiðum samtímis.
5. Á grundvelli 1., 2 og 3, endanlegt val á línuleið og endanlegt val á hönnunarforsendum.

6. Lokahönnun; undirbúningur framkvæmda.
7. Val framkvæmdaaðila
(Það er óháð 1.-6. og þyrfti að fara fram hið allra fyrsta.. Ákvörðun um þetta er í höndum Iðnaðarráðuneytisins).

Fylgiskjal 1

FUNDARGERÐIR

1. fundur fimmtudaginn 13. júlí 1972 kl. 13³⁰- 15⁰⁰.

JB skýrði frá símtali sem orkumálastjóri átfi við forstjóra NVE, Vidkunn Hveding, um hugsanlega aðstoð NVE við athuganir á línuskilyrðum. Bréf er væntanlegt frá Hveding um þetta alveg á næstunni.

Rætt var almennt um ísingarskilyrði á hugsanlegum leiðum milli Norður- og Suðurlands.

Ákveðið að slá á kostnað til samanburðar á 132 og 230 kV línu Norðurland-Suðurland.

Ákveðið var að kynna sér ísingarreynslu af línummi Búrfell-Bórisvatn.

01.08.72

Vinnuhópur um línu
milli Norðurlands
og Suðurlands
JB/óf

2. fundur

Priðjudagur 1. ágúst 1972, kl. 13³⁰.

JB skýrði frá bréfaskriftum og símtölum við Rolf Johnsen frá Fjernledningskontoret, Statskraftverkene, NVE, sem komust af stað fyrir milligöngu V. Hveding, aðalforstjóra NVE, sbr. síðustu fundargerð. Johnsen er væntanlegur hingað 13. ágúst til a.m.k. 3 - 4 daga dvalar.

FHS lagði fram vindrásir frá veðurstöðvum í grennd við nokkrar hálandislinur Rafmagnsveitna ríkisins.

GG lagði fram myndir af ísingarskemmdum á nokkrum línum Rafmagnsveitnanna.

FHS taldi hættu á skýjaísingu á suðurhelmingi væntanlegrar N-S línu varla eða ekki meiri en á fjarskiptavirkjun á Skálafelli. Ákveðið var að skrifa Pósti og síma og spyrja um reynslu þeirra þar.

Rætt var um hugsanlegan athuganabúnað til að setja upp fyrir veturninn. Ákveðið var að GG hefði samband við Samúel um það, og að biðja Guðmund Hannesson að athuga syðri hlutann á Kjallínu

02.08.72

Vinnuhópur um línu
milli Norðurlands
og Suðurlands
JB/óf

3. fundur

Miðvikudagur 2. ágúst 1972 kl. 16¹⁵

Guðmundur Hannesson og Samúel Ásgeirsson mættu á fundinum.

Rætt var um hönnun á einföldum búnaði til ákvörðunar á áraunum á línu, einkum reynduspenni með veikum hlekk.

Niðurstaðan varð sú að Samúel ætlar að athuga slika hönnun nánar.

Guðmundur Hannesson ætlar að kanna syðsta hlutann á Kjallínu að Búrfelli.

Rætt var um hvernig mætti vinna úr efni því sem til er hjá Ragnagsveitunum um ísingu, og að hvaða gagni slik úrvinnsla gæti komið.

14.8.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

4. fundur

Mánudagur 14. ágúst '72 kl. 9⁰⁰

Mættir: Rolf Johnsen, frá NVE
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Rætt var við Rolf Johnsen um ráðgerða háspennulinu milli
Norður- og Suðurlands.

Rolf Johnsen skýrði frá því hvernig norskar fjallalinur eru
hannaðar og byggðar, og afhenti ýmiss plögg þar um.

Rætt var um athuganir á vетri komanda á veðurfari og ísingar-
athugunum á línuleiðum milli Norður- og Suðurlands.

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

5. fundur

Priðjudagur 15. ágúst kl. 9^{oo}

Mættir: Rolf Johnsen frá NVE
Guðmundur Hannesson frá RARIK
Samúel Ásgeirsson verkfr.
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Rætt var áfram um athuganir á vетri komanda á línuleiðum Norðurlínu, og um mismun á leiðum í því sambandi.

Samúel Ásgeirsson skýrði frá útreikningum sem hann hafði gert varðandi hugsanlega veika hlekki í prófunarlínum. Svo virðist sem slík tilhögun ætti að geta gengið; en hins vegar geta orðið örðugleikar á að túlka niðurstöður, þar eð hlekkurinn getur látið undan af mismunandi orsökum.

Einnig var rætt um prófunarlínur með kraftmálum er sýna hámarksraun. Rolf Johnsen létt hópnum í té upplýsingar um hvar fá megi slika kraftmála. Rætt var um örðugleika í túlkun á niðurstöðum mælinga með hámarksrafmálum.

15.8.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

6. fundur

Priðjudagur 15. ágúst kl. 16

Mættir: Rolf Johnsen frá NVE
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

og að auki nokkrir af starfsmönnum Rafmagnsveitna ríkisins.

Skoðuð var (í Fræðslumyndasafni ríkisins) kvíkmynd er Rolf Johnsen hafði meðferðis um lagningu háspennulína í norsku fjalllendi.

16.8.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

7. fundur

Miðvikudagur 16. ágúst kl. 10

Mættir: Rolf Johnsen frá NVE
Guðmundur Hannesson
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Farið var í flugferð með TF VOR yfir línuleiðir milli Norður- og Suðurlands (Sprengisand og Kjöl). Millilent á Akureyri. Flogið var norður Sprengisand, en suður um Öxnadalsheiði og Kjöl. Leiðir og ýmis hugsanleg afbrigði þeirra voru skoðaðar, þar á meðal leiðir frá Sigöldu ~~þýrð~~ vestur fyrir Kerlingafjöll og frá Búrfelli og vestur á Kjalleið.

Vinnuhópur til undirbúnings
línu milli Norðurlands og
Suðurlands

7. sept. '72

SB/sg

8. fundur

Fimmtudagur 7. sept. kl. 11

A fundinum mættu:

Gunnar Jónsson, starfsmaður OS
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson
Guðjón Guðmundsson

Rætt var um staðsetningu mannaðrar stöðvar á hálendinu suður af Eyjafirði; um staðarval slikrar stöðvar; um búnað hennar og svo framvegis.

Vinnuhópur til undirbúnings
línu milli Norðurlands og
Suðurlands

13. sept. 1972

JB/sg

9. FUNDUR

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Guðm. Hannesson frá RARIK
Flosi Hrafn Sigurðsson
Guðjón Guðmundsson
Jakob Björnsson

Farið var í þyrlu á norðurbrún Sprengisands, til að ákveða staðsetningu bækistöðvar þar. Með þyrlunni norður fóru GJ, GH og FHS, en GG og JB flugu til Akureyrar og biðu þyrlunnar þar. Með þyrlunni suður fóru GG, JB og FHS, en GJ og GH fóru með flugvél frá Akureyri.

Staðurinn fyrur bækistöðina var rækilega merktur. Sömuleiðis voru ákveðnir og merktir staðir fyrir pípugrindur til ísingamælinga.

16. okt. '72

Vinnuhópur til undirbúnings
línu milli Norður og Suðurlands
JB/sg

10. fundur

Mánudagur 16. okt. kl. 16.30

A fundinum mættu: Guðmundur Hannesson
Gunnar Jónsson
Tryggvi Sigurbjarnarson
Jakob Björnsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Guðjón Guðmundsson

Rætt var um uppsetningu athugunarstöðvar, "Nýjabæjar" á Eyjafjarðarbrún. Sú stöð er nú tilbúin, en eftir er að koma upp prófspennum. Efni í þau er komið uppeftir. Guðmundur Hannesson stakk upp á að hafa prófspennin þríhyrningslag. Þrjú slik spenn, búin kraftmælum (dynamometrum) er ráögert að setja upp.

Rætt var um fólk til athugunarstarfa. Ákveðið var að auglýsa eftir hjónum eða tveimur einstaklingum til athugunarstarfanna.

Ákveðið var að skrifa Landsvirkjun og biðja um að ísing verði sérstaklega athuguð á línum að Sigöldu og Vatnsfelli á komandi vetri.

Rætt var um funderingsaðstöðu á Sprenigsandi og könnun á jarðklaka.

Ennfremur um erfiðleika af vatni í lægðum. Nauðsynlegt var talið að mynda línuleiðina snemma næsta vor.

26.10.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

II. fundur

Fimmtudagur 26. okt. 1972 kl. 13³⁰

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Flosi Hrafn Sigurðsson
Tryggvi Sigurbjarnarson
Jakob Björnsson

Rætt var um umsóknir sem borizt hafa um gæzlustarf í "Nýjabæ".

Ákveðið var að senda þá umsækjundur sem valdir verða í læknis-skoðun.

Ákveðið var að ræða frekar við nokkra umsækjendur.

JB skýrði frá símtali við Rolf Johnsen um verk Raståds varðandi veðurfarsaðstæður á línuleiðum Norðurlínu. Mun Rolf tala við Råstad um þetta.

Ennfremur ætlar Rolf að reyna að útvega kópiur af "instruktionum" fyrir athugunarmann á norskum stöðvum.

FHS stakk upp á, eftir samtal við Halldór Eyjólfsson, að ísingargrindum yrði komið fyrir við Sigoldu þar sem menn verða í vetur. Var samþykkt að beita sér fyrir því.

FHS nefndi ýms áhöld og búnað, sem hann taldi nauðsynleg í "Nýjabæ". GJ skráði þetta niður.

Rætt var um ferðir í Nýjabæ. Ráðlegt var talið að gera eina ferð fyrir jól, síðan eina í mars-apríl, og eina í ágúst. Póstferðir með flugvél (pósti kastað niður) koma til greina.

Tr.S. ræddi um styrkleikakröfur, og í framhaldi af því fóru fram almennar umræður um ísingarhættu á ýmsum köflum línumnar milli Norður- og Suðurlands.

27.10.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

12. fundur

Föstudagur 27. okt. 1972 kl. 11

Mættir: Gunnar Jónsson, frá OS
Tryggvi Sigurbjarnarson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

GJ skýrði frá samtölum sínum við nokkra umsækjendur um athugunarstarf í Nýjabæ. Var val athugunarmanna rætt fram og aftur. Akveðið var að GJ ræddi frekar við umsækjendur. Akveðið var að hittast aftur á mánudag, 30. okt.

30.10.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

13. fundur

Mánudagur 30. okt. 1972 kl. 13³⁰.

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Guðjón Guðmundsson
Tryggvi Sigurbjarnarson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Rætt var fyrst um nýafstaðið ísingarveður á Norðurlandi og viðar (27.10.). Guðjón upplýsti, að línumenn frá Akureyri hefðu flogið framhjá Nýjabæ kl. 9³⁰ í morgun, og hefði þá engin ísing sézt á pípugrindum eða prófspennum.

Ákveðið var að reyna að fljúga að stöðinni eftir ísingu sem verða kann á þeim tíma sem enn liður þar til athugunarfolk kemur á staðinn.

Rætt var um umsóknirnar um gæzlustarf. GJ hafði rætt við Guðrúnu Sigurðardóttur og Þorstein Ingvarsson.

Ákveðið var að ráða Þorstein og Guðrúnu, og gera við þau samning til 1. sept. 1973, með ákvæði um, að fyrir 1. júní 1973 skuli ákveðið hvort um framhald á ráðningu eftir 1. sept. verður að ræða eða ekki, enda sýni læknisskoðun kringum 1. sept. að um framhald geti verið að ræða.

Rætt var um vinnuprógram fyrir athugunarfolk. Ákveðið var að send skyldu skeytti til Veðurstofunnar kl. 9 og 15 á degi hyerjum.

Rætt var um athuganir við Vatnsfell eða Sigöldu.

2.11.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

14. fundur

Fimmtudagur 2. nóv. 1972 kl. 13³⁰

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson
Guðjón Guðmundsson

Rætt var um verkefnaskrá athugunarmanna í Nýjabæ. FSH og GJ lögðu fram uppkast að slikri skrá, og var hún rædd.

Ennfremur um þjálfun þeirra.

Loks var rætt samningsuppkast við athugunarmenn.

Rætt var um athuganir við Sigöldu og Hreysiskvísl og viðar.

16.11.72

Vinnuhópur um línu milli
Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

15. fundur

Fimmtudagur 16. nóv. 1972 kl. 13³⁰.

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Guðmundur Hannesson frá RARIK
Flosi Hrafn Sigurðsson
Guðjón Guðmundsson
Jakob Björnsson

GJ skýrði frá undirbúningsstarfi sem hann og FHS hafa unnið
undanfarið undir för þeirra Þorsteins Ingvarssonar og Guðrúnar
M. Sigurðardóttur að Nýjabæ.

GJ flaug yfir Nýjabæ í gær, 15.11.'72. Var mjög mikinn snjó
að sjá. Ísing var á pípugrindum og línum, en þó ekki mikil.
Ísingin var á öllu sem hún gat fest sig á, svo sem stögum o.p.h.

GJ lagði fram samning við þau Þorstein og Guðrúnu, undirritaðan
af þeim. JB undirritaði fyrir OS.

Rætt var um bréf Råstads frá 4.11.'72 og þær tölur sem hann
þar nefnir til bráðabingða sem áraun á línuna. FHS lét í ljós
það álit að tölur þessar væru of lágar yfirleitt, dæmt út frá
samanburði við það sem mælst hefur á íslenzkum veðurstöðvum.

Þau Guðrún og Þorsteinn komu á fundinn og var rætt við þau,
m.a. um tryggingar, veikindarétt o.s.frv.

Rætt var um ljósmyndabúnað fyrir stöðina. Ákveðið að kaupa
myndavél með umskiptanlegum linsum.

Rætt var um férð að nýjabæ nú í byrjun.

Ákveðið var að fara á tveimur snjóbílum.

Samin voru drög að leiðbeiningum um ísingarathuganir á Nýjabæ.

Rætt var um rannsóknaráætlun komandi vetrar.

Fundi slitið 21¹⁰.

18.11.72 kl. 13³⁰

Vinnuhópur hálendislinu
GG/sg

16. fundur

Fundur haldinn í fundarherbergi Orkumálaskrifstofunnar laugard. 18. 11. 72.

Mattir: Flosi Sigurðsson,
Guðjón Guðmundsson og að auki
Gunnar Jónsson, starfsm. nefndarinnar.
Jakob Björnsson fat ekki matt.

Ratt um búnað og verkefni Nýjabæjarbúa.

Farið að nokkru yfir skrár um búnað stöðvarinnar.

Unnið að skráningarblöðum en þau helztu eru: 1) Verkefnaskrá fyrir fisingarstöðina að Nýjaba. 2) Leiðbeiningar um fisingarathuganir að Nýjaba -

- 3) Leiðbeiningar um snjómælingar
- 4) Eyðubl. um snjódypt við snjómalistiku
- 5) Eÿðublað, vatnsgildi snavar
- 6) Tafla til útreiknings á vatnsgildi snavar eftir þyngd rýmis
- 7) Tafla til að finna rúmmál snjórymis í cm³
- 8) Sérstakar leiðbeiningar um veðurathuganir
- 9) Mánaðarskýrslur 5 málsins um úrvinnslu úr sjálfriturum - vindur á athugunartíma að Nýjaba - hámarksvindhraði að Nýjaba - rakastig að Nýjaba - lofthiti að Nýjaba, 2 eyðublöð
- 10) Myndaskráning og skýringar

Gerð var skrá yfir þá aðila er leita skyldi til um þjónustu við Nýjaba, þar á meðal ef meiriháttar fjarksíptatruflanir eða fjar-skiptarof yrði við staðinn.

Þá var Narfi Þorsteinsson fengin til að aðstoða við eyðublaðagerð um þessa helgi.

Gunnar ráðgerir að hægt verði að leggja af stað frá Reykjavík n.k. þriðjudag, 21. þ.m. með leiðangur til Nýjaba. Ráðgert að fara á tveim snjóbílum og tveim vörubílum.

Guðjóni Guðmundssyni falið að leita til Ingólfss Árnasonar, rafveitustjóra Rafmagnsveitna ríkisins á Akureyri og fara þess á leit að hann verði milligögnumaður og fulltrúi "vinnuhópsins" á norðurlandi, t.d. þegar aðstoðar væri þörf við Nýjabærarbúa o.fl. Ennfremur að biðja Ingólf að ræða við Tryggva Helgason flugmann um hvaða merkjakerfi væri æskilegast að nota við Nýjabæ, t.d. þegar fljúga ætti yfir staðinn vegna þess að fjarskiptasamband hafi rofnað um tíma eða af öðrum ástæðum.

Nýibær - Eyjafjarðarbrún

18.11.72.

Hafa skal samband við einhvern neðangreindra aðila að jafnaði og í þeirri röð sem þeir eru taldir varðandi bækistöðina og má þar sérstaklega tilgreina truflanir eða rof á fjarskiptasambandi við stöðina, sjá nánar í reglum þar um, dagséttum 18.11.72.

- | | | | | | | |
|----|-------------------------|-----------------|-----------|-------|-------------|-------------|
| 1. | Gunnar Jónsson | Faxatúni 8, | Rvk. | Sími, | heima 42792 | Vinna 21195 |
| 2. | Guðjón Guðmundsson, | Barmahlíð 6, | R. | " | 16084 | " 17400 |
| 3. | Flosi H. Sigurðsson, | Drápuhlíð 39, | R. | " | 23484 | " 86000 |
| 4. | Jakob Björnsson, | Kúrland 12, | R. | " | 86604 | " 17400 |
| 5. | Guðmundur E. Hannesson, | Hjallavegi 18, | R. | " | 37162 | " 17400 |
| 6. | Ingólfur Árnason, | Byggðavegi 132, | Akureyri, | 12042 | " | 21042 (96) |

21.11.72

Vinnuhópur um háspennulínu
milli Norðurlands og Suðurlands
JB/sg

17. fundur

Priðjudagur 21. nóv. 1972 kl. 9^{oo}

Mættir: H. Råstad frá Noregi
Flosi Hrafn Sigurðsson
Guðjón Guðmundsson

Råstad var skýrt frá hugmyndum um línu milli Norður- og Suðurlands; frá athugunum sem gerðar hafa verið til þessa og frá áformuðum ísingar- og vindathugunum að Nýjabæ.

Þá var skýrsla Råstads frá 4.11.72 rædd, sérstaklega með tilliti til íslenzkra aðstæðna. FHS minntist á, að sér virtust tölur Råstads um vindálag nokkuð lágar, með hliðsjón af mælingum á íslenzkum veðurstöðvum. Í því sambandi létt Råstad þess getið, að (1) eigi tölur hans að gilda sem meðaltöl á 200-300 m spenn, en að hviður á einstökum stöðum geta orðið hvassari, og (2) tölur þessar eiga, í styrkleikaútreikningum að margfaldast með öryggisstuðlum, sem t.d. í Noregi eru flestir í opinberum reglugerðum, enda þótt menn séu sammála um að þeir séu óþarflega háir miðað við nútíma aðstæður, en tillit til þess atriðis er þá gjarnan tekið með því að telja álagið ívið neðan við það sem annars væri gert.

21.11.72

Vinnuhópur um háspennulínu
milli Norður- og Suðurlands
JB/sg

18. fundur

priðjudagur 21. nóv. 1972 kl. 13⁵⁰.

Mættir: H. Råstad frá Noregi
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Rætt var um leiðir niður af hálendinu norðanlands (niður í Eyjafjörð, Bleiksmýrardal, Bárðardal). Nauðsynlegt er að safna upplýsingum um snjóflóð á þessum slóðum. Råstad létt í ljós ótta um snjóflóðahættu innst í Eyjafjarðardal. Ennfremur var rætt um hugsanlegar athuganir á þessum leiðum.

Það væri mikilvægt að setja ísingargrindur á eftirtöldum stöðum:

1. Austur af vatni í 876 m hæð
2. Á suðurenda hæðar "939" norðaustur af vatni "876".
3. Suðaustur af upptökum Lægakvíslar.
4. Hæð 805 m vest-suðvestur af Jökuldal.
5. Hæð 826 m norðaustur af Fjórðungsvatni eða hæð 860 m suður af efsta hluta Kiðagilsdraga og vestan vegaskarðs.
6. Hæð 704 vestur af Skrokksöldu

Á nr. 2 væri æskilegt að setja spenn.

Rætt var um skoðunarferð á línuleiðum á morgun.

19. fundur

Miðvikudagur 22. nóv. 1972 kl. 12²⁰

Mættir: H. Råstad frá Noregi
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson
Guðjón Guðmundsson

Farið var í flugferð með TF VOR yfir línuleiðir. Flogið var austur að Sigöldu, og Kjalleið síðan flogin. Á leiðinni austur var flogið framhjá stöð Landssímans og Sjónvarpsins á Skálafelli. Á henni var nokkur ísing. Kannaðar voru þrjár leiðir niður í Skagafjörð, nfl. Mælifellsdalur, Svartárdalur og Útlagadal (vestan við Írafellsbungu). Frá þessum slóðum var flogið beint austur til Eyjafjarðardals, að Nýjabæ. Botn Eyjafjarðardals var skoðaður allrækilega með hringflugi. Kaflinn þaðan suður að Fjórðungsöldu var skoðaður, eftir að spennin við Nýjabæ höfðu verið ljósmynduð. Á spennunum var ísing, en ekki sérlega mikil, að því er séð varð.

Kaflinn frá Nýjabæ, að Fjórðungsöldu er mjög öldóttur, með all-djúpum lægðum á milli. Á þessum kafla yrði að setja möstrin nokkuð upp í hæðirnar, til að forðast vatnsaga í lægðum í leysingum. Þetta þýðir, að línan kemur til með að "svífa yfir landinu" í talsverðri hæð; þ.e. hæðirnar virka sem framlenging á möstrunum.

Frá Fjórðungsöldu var flogið austur yfir, í átt til Bárðardals. Flogið var yfir hálendisranan milli Skjálfandafljóts og Mjóadals, þannig að sjá mótí niður í báða. Flogið var norður Bárðardal norður á móts við efri brúna yfir Skjálfandafljót, en þá snúið vestur yfir Valafjall vestur í Fnjóskadal, rétt sunnan Bæjarfjalls; út Fnjóskadal og yfir Hlíðarskarð til Eyjafjarðar.

Þá var flogið út með brúm Vaðlaheiðar og Laxárlínan og fjar-skiptastöð Landssímans og Sjónvarpsins á Vaðlaheiði skoðaðar. Nokkur ísing, en ekki mikil, var á fjarskiptastöðinni, en að heita má engin á Laxárlínunni.

Þessu næst var lent á Akureyri, þar sem Ingólfur Árnason, raf-veitustjóri mætti okkur á flugvellinum.

Frá Akureyri var flogið suður Eyjafjarðardal og hann skoðaður aftur, einkum kaflinn kringum Nýjabæ og hæðirnar þar suður af. Þaðan var flogin Sprengisandsleið alla leið að Sigöldu, og hún skoðuð. Frá Sigöldu var flogin stytza leið til Reykjavíkur.

Eftir komuna til Reykjavíkur var rætt um árangur ferðarinnar.

23.11.72

Vinnuhópur um háspennulínu
milli Norður- og Suðurlands
JB/sg

20. fundur

Fimmtudagur 23. nóv. 1972 kl. 9⁴⁵

Mættir: H. Råstad frá Noregi
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson
Guðjón Guðmundsson

Rætt var um niðurstöður flugferðarinnar í gær, einkum um kaflann frá Nýjabæ suður undir Fjórðungsöldu. Til mála kæmi þar að mæla bráðabirgðaprófil, eða nokkra slika, nokkurnvegin í beina línu, til að komast hjá mörgum hornpunktum, og sjá hvernig setja má möstur án þess að lenda uppi á hæðunum eða alveg niðri í dýpstulægðunum.

Þá var rætt um athuganir á Kjalleið. Æskilegt væri að setja spenn á Litlasandi eða vestan við Mælifellsdal. Aftur á móti var varla talið ástæða til að gera athuganir á syðri hluta Kjalleiðar. Aftur á móti gæti verið rétt að setja ísindagrindur norðaustur á Hvítárvatni, þannig að vatnamælingamenn gætu mælt á grindunum.

Kaflinn milli "57,0" og "62,3" á kortinu með bréfi Råstads þar sem hann hafði reiknað með 10-15 kg/m ís. Þar væri hæfilegt að reikna 12 kg/m á 30% kaflans og 8 kg/m á 70%.

Á kaflanum 145,9 til 156,4 væru 12 kg/m hæfilegt meðaltal fyrir allan kaflan. Á kaflanum 145,9 til 156,7 væri einnig væri einnig rétt að reikna með 12 kg/m sem meðaltali við bráðabirgðahönnun. Loks væri 12 kg/m hæfilegt meðaltal á kaflanum 152,4-162,7 á sama köfti.

Á kaflanum 102,5-115,3 á Eyjafjarðarleið væri 50 kg/m hæfileg ísáraun; á 83,8-102,5 á Bárðardalsleið reiknum við með 12,5 kg/m á öllum kaflanum.

Á kaflanum frá Bárðardal yfir í Fnjóskadal væri hæfilegt að reikna með 10 kg/m; 4 kg/m í Fnjóskadalnum, og 10 kg/m á kaflanum frá Fnjóskadal yfir í Eyjafjörð og 6 kg/m þaðan til Akureyrar.

Sem vindáraun og íspvermál við vind var talið hæfilegt að reikna með

<u>Kafli</u>	<u>Vindhraði, m/s</u>	<u>vindáraun kp/m</u>	<u>Íspvermál, cm</u>
102,5-115,5	40	7,5	4,5
Búrfell 78,3		1,6	0
145,9-156,4	36	3,0	5,5
145,9-156,7	36	3,0	5,5
152,4-162,7	36	3,0	5,5

Gróft reiknað er sennilegt að tréstólparr séu ódýrari en stálmöstur ef íspunginn er undir 15 kg/m.

7.12.72

Vinnuhópur um þá pennulínu
milli Norður og Suðurlands
JB/sg

21. fundur

Fimmtudagur 7. des. 1972 kl. 13,30

Mættir: Guðmundur Hannesson, frá RARIK
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Rætt var um Eyjafjarðardal með tilliti til snjóflóða. Guðmundur sagðist hafa skoað verksummerki á steinum í dalnum, og aðeins fundið merki um sjóflóð við Fremri-Strangalæk, en þann stað má auðveldlega forðast með því að hafa línuna uppi í fjallshlíðum hinum megin.

Rætt var um hugsanlega leiðarvalkosti á línu til Norðurlands, og framsetningu þeirra. Varð niðurstaða sú, að nauðsynlegt væri að setja hina ýmsu valkosti fram sem langtímayfirlit, þ.e. valkostaröð fremur en einstaka valkosti.

Rætt var um rannsóknir á öðrum leiðum en niður í Eyjafjörð, svo og um uppsetningu kraftmála.

11.12.72

22. fundur

Mánudagur 11. des. 1972 kl. 16²⁰

Mættir: Gunnar Jónsson frá OS
Guðjón Guðmundsson
Flosi Hrafn Sigurðsson
Jakob Björnsson

Gunnar Jónsson skýrði frá fór sinni að Nýjabæ. Þar er allt vel.
Nokkrir örðugleikar hafa verið á talstöðvarsambandi.

Ísingargrindur eru komnar upp við Sigoldu og mælingar hafnar.

Ísing var á öllu hjá Nýjabæ þegar leiðangurinn kom þangað, og
nokkuð bættist við meðan hann dvaldi þar. Mæling á hólk sem
féll af einum spenn gaf 8 cm þvermál á honum (vírpvermál
þá náttúrlega meðtalið). Ísingin virtist svipuð á hinu spenninu.

Gunnar sýndi einnig nokkur athugunarblöð.

Ákveðið var að Gunnar Jónsson sendi skýrslu um leiðangurinn að
Nýjabæ og lýsti sérstaklega veðurfarsaðstæðum.

Rætt var um mælingar annarsstaðar einkum upp af Mælifellsdal
eða á Litlasandi.

Ákveðið var að setja tvær ísingargrindur 1 1/2" á hvern þeirra
staða sem taldir eru í 18. fundargerð, og auk þess upp af
Mælifellsdal, (eða á Litlasandi) og loks VNV Rjúpnafella, og
sunnan Stóralepps. Loks var ákveðið að setja grindur á Blá-
fellsháls og biðja vatnamælingamenn að mæla á þeim.

Rætt var um að fá arkitekt til ráðuneytis um útlit stálmastra og
samvinnu við Landgræsöluna varðandi frágang og umgengni í fram-
kvæmd línulagnarinnar til að tryggja að landsspjöll verði sem
minnst.

Loks var rætt um vegagerð í sambandi við línulögn, og að hafa samband við Vegagerðina um það mál.

Ákveðið var að kanna hvort þyrla getur annast stauraflutning í væntanleg spenn; hvort unnt er að manna vinnuflokka eftir áramótin til að setja spennin upp og ennfremur var ákveðið að afla efnis í alls 10 ísingargrindur.

18.12.72

Vinnuhópur um háspennulínu
milli norður- og Suðurlands
JB/sg

23. fundur

Mánudagur 18. des. 1972 kl. 16²⁰

Mættir: Guðjón Guðmundsson

Tryggvi Sigurbjarnarson

Flosi Hrafn Sigurðsson

Jakob Björnsson

Rætt var um upplýsingahefti, sem borizt hefur frá Grindvald í Noregi um Dillon dynomometer kraftmæla.

Ákveðið var að láta Ríkiskaup afla verðs á 10" kraftmælum með 10 og 30 tonna mesta útslagi, graderaður í kg, svo og afgreiðslutíma.

Þá var rætt um væntanleg spenn, sbr. síðustu fundargerð. Guðjón skýrði frá því að A-möstur þættu heppilegust. Ákveðið var að láta tilsníða efni í fjögur A-möstur og flytja á heppilega staði.

Rætt var um niðurkastsflugferð að Nýjabæ. Ákveðið að hafa samþand við fjölskyldu hjónanna.

FHS skýrði frá skeytaskilum frá Nýjabæ. Erfiðleikar eru á fjarskiptum. Hann stakk upp á að 80 W stöð yrði fengin í stað 40 W stöðvar sem nú eru á Nýjabæ. Ákveðið var að vinda bug að slikum stöðvum. Ákveðið var að biðja FHS að ræða þetta mál nánar við Landssímann.

Rætt var um athuganir á ísingargrindum sem settar verða upp. Ákveðið að reikna með ca. mánaðarlegum ferðum. Athuga þarf nánar um snjóbíl í þær ferðir.

Rætt var um kostnaðaráætlunar um línuna.

Ákveðið var að taka upp samband við Vegagerðina.

24. fundur

Fimmtudagur 28. des. 1972 kl 16³⁰

Mættir: Flosi Hrafn Sigurðsson
Guðjón Guðmundsson
Jakob Björnsson
Tryggvi Sigurbjarnarson

Lagt var fram bréf frá Oslo Lysverker, þar sem þeir tjá sig
reiðubúna til að lána 1 eða e.t.v. 2 kraftmæla, 0-9000 kp.
